

1930 2. jan. sætt 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1932 12. sept. Áminning fyrir ölvun.

1934 3. apríl. Áminning fyrir að bifreið hans sletti á vegfaranda.

1934 12. apríl. Sætt 40 kr. sekt fyrir að aka leigubifreið til mannflutninga, en hafa aðeins minna próf.

1934 16. júlí. Sætt 30 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglu-samþykkt.

1934 23. júlí. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt og sviftur ökuleyfi í 6 mánuði.

1934 28. ágúst. Sætt 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörslu.

1934 9 nóv. Sætt 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Samkvæmt framangreindu verður að telja kærðan hafa orðið sekan við 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70, 1935 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs ef greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Svo ber og að dæma kærðan til að hafa fyrirgert réttindum til bifreiðarstjórnar æfilangt.

Loks greiði kærður kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 20. nóv. 1935.

Nr. 108/1035. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ingimundi Bernharðssyni

(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 1. gr. gjaldþrotalaganna.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. dez. 1934:
Kærður Ingimundur Bernharðsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sekt-

arinnar verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Um áramótin 1930—1931 var fjárhag kærða, sem til þess tíma hafði rekið óslitið útgerð frá 1924 komið svo, að hann hafði þá raunverulega stöðvað greiðslur til lánardrottna sinna. Fjárhagur hans hafði og versnað árin 1930 og næstu árin þar eftir, með því að vextir af skuldunum hafa bætst við þær öll þau ár. Loks verður eftir því sem fram er komið í málinu, að telja kærða hafa séð fram á það árið 1931, að hann mundi ekki geta greitt skuldir sínar að fullu. Kærða bar því, samkvæmt síðustu málsgr. 1. gr. laga nr. 25/1929 að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta á því ári. Þessi skylda hélzt, enda þótt kærði hætti með öllu útgerð frá áramótum 1930—1931, þar til bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 7. sept. 1933, með því að engin slik breyting varð á þessu tímabili á högum hans, er veitti honum ástæðu til að ætla, að hann mundi verða fær um að fullnægja lánardrottnum sínum. Hefir kærði því með vanrækslu sinni bakað sér refsingu eftir 1. málsgr. 39. gr. áðurnefndra laga. Með þessum at-
hugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Um meðferð málsins í héraði athugast, að hvorki hefir fæðingarvottorð kærða né hegningarvottorð verið lagt fram, né heldur skýrsla um skuldir hans um áramótin 1930—1931 eða 7. sept. 1933, sem þó virðist mundi hafa verið unnt að afla án mikillar fyrirhafnar eða tafa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Ingimundur Bernharðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn Ingimundi Bernharðssyni, fyrv. útgerðarmanni, til heimilis Njarðarstig 17, hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum gjaldþrotalaganna nr. 25, frá 14. júní 1929.

Málavextir eru eftir því sem upplýst er í málinu, sem hér segir.

Með úrskurði skiptaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 7. september 1933, var bú kærða tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar, eftir kröfu eins af lánardottnum kærðs, eftir að árangurslaust hafði verið gerð löghaldsgerð hjá kærðum, til tryggingar víxilskuld að upphæð kr. 10206.00. Eignir átti gjaldþroti þá alls engar, nema litilsháttar af lausafé, sem hann mátti halda eftir, samkvæmt ákvæðum

aðfararlaganna og þar eð sá er gjaldþrotaskiptanna krafðist, vildi ekki ábyrgjast kostnað við framhald þeirra, var skiptum búans þá þegar lokið, samkvæmt ákvæði 31. gr. gjaldþrotaskiptalaganna og var engin innköllun til skuldheimtumanna því gefin út. En skuldir sínar telur gjaldþroti þá hafa verið alls um kr. 25000.00.

Kærður byrjaði að reka útgerð hér í Vestmannaeyjum árið 1924 en hann átti þá $\frac{1}{4}$ hluta í vélbátum Enok og gerði hann út að sínum hluta það ár, en í ársbyrjun 1925, keypti hann $\frac{1}{4}$ hluta í vélbát þessum í viðbót og kveðst hafa átt hann og gert hann út að hálfu frá þeim tíma til ársloka 1930.

Kærður kveður þessa útgerð sína hafa gengið vel árið 1924 og árið 1925, einkum þó árið 1925, og kveður hafa orðið talsverðan hagnað af útgerðinni það ár eða um kr. 6000.00 í hans hlut og kveður kærður það hafa orðið til þess, að hann hafi ráðizt í frekari útgerðarstarfsemi á árinu 1926 og tekið þá á leigu línuveiðagufuskipið „Gunnar“ frá Reykjavík, ásamt öðrum manni og gert skip þetta út til fiskveiða á vertíð það ár. Ennfremur kveðst kærður í ársbyrjun 1926, hafa keypt $\frac{1}{6}$ hluta í v. b. „Síðuhallur“, 16 smálestir að stærð og kveðst hafa gert hann út að þeim hluta á vetrarvertíðinni það ár. Samkv. framburði kærðs í málinu, gekk útgerðarstarfsemi hans illa það ár, þannig að hann tapaði samtals um kr. 24300.00 á útgerðinni það ár. Í byrjun ársins 1927, tók kærður á leigu vélbát frá Reykjavík, sem hann gerði út, nokkurn hluta af vetrarvertíðinni það ár, en eftir það gerði hann aðeins út v.b. Enok, að sínum hluta. Kærður kveður útgerðina hafa gengið sæmilega árið 1927, þannig að ekki hafi orðið tap á henni það ár, en ágóði enginn eða ekki svo teljandi sé. Árið 1928 kveðst kærður hafa fengið kr. 1500.00 í ágóða af útgerðinni, en sá ágóði hafi allur gengið til greiðslu á vöxtum á skuldum, er kærður kveðst hafa komizt í vegna tapsins á útgerðinni árið 1926. Árið 1929 og 1930 kveður kærður hafa orðið tap á útgerðinni eða um kr. 6500.00 bæði árin, að meðtöldum vöxtum af skuldum þeim, sem hvíldu á bátshluta þeim, sem kærður gerði þá út.

Eftir 1930 rak kærður enga útgerð né annan atvinnu-

rekstur og kveðst hann aldrei hafa haft neinn annan atvinnurekstur en framangreinda útgerðarstarfsemi og ekki tapað fé á öðru.

Kærður kveðst hafa átt um kr. 6000.00 eignir umfram skuldir, er hann byrjaði framangreinda útgerðarstarfsemi, þ. e. í byrjun ársins 1924.

Hluta sinn í v.b. Síðuhalli, kveðst kærður hafa selt árið 1926, en hluta sinn í v.b. Enok, kveður hann hafa verið seldan á nauðungaruppboði á árinu 1931, eftir kröfu Landsbanka Íslands, til lúkningar veðskuld tryggðri með 1. veðrétti í nefndu skipi.

Þá kveðst kærður og hafa keypt húseignina Sólheima, hér í bænum, árið 1925 fyrir kr. 12093.00 og kveður hann þá eign hafa verið selda á nauðungaruppboði á árinu 1930, eftir kröfu eins veðhafa, fyrir kr. 6000.00.

Kærður hafði ekkert reglulegt bókhald fyrir framangreinda útgerðarstarfsemi sína og hefir því verið örðugt að sjá til hlitar hversu fjárhagur hans hefir verið á hverjum tíma, en það virðist augljóst af því, sem upplýst er í málinu samkv. framansögðu, að kærður hafi aldrei átt eignir fyrir skuldum eftir að hann varð fyrir útgerðartapi því, er hann varð fyrir á árinu 1926 og virðist hag hans þá þegar muni hafa verið þannig komið, að sýnilegt hafi verið að hann gæti ekki greitt skuldir sínar að fullu og að um raunverulega greiðslustöðvun hafi verið að ræða, en fjárhagur kærðs batnaði aldrei eftir það, því hagnaður sá, er varð á útgerðinni 1928 gekk allur til greiðslu vaxta af eldri skuldum kærðs. Það verður því að telja nægilega upplýst í málinu að fjárhagur kærðs hafi verið þann veg komið, er kom í ljós hvornig afkoma útgerðar hans var árið 1929, að honum hafi þá verið skylt samkv. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 25, frá 14. júní 1929, sem gengu í gildi þann 1. júlí nefnt ár, að framselja bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar og enn augljósari er skylda kærðs til þess orðin, er hann hætti útgerðarstarfsemi sinni árið 1930 og tekið var að selja eignir hans á nauðungaruppboði.

Að álitni réttarins verður því að telja að kærður hafi brotið gegn framangreindu lagaákvæði með því að framselja ekki bú sitt til gjaldþrotaskiptameðferðar og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til hæfilega ákveðin 100

króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 22. nóv. 1935.

Nr. 94/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

**Gunnlaugi Jónssyni og Nikolai Jór-
mundi Þorsteinssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Áfengisлага og bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. júní 1935: Kærðir, Gunnlaugur Jónsson og Nikolai Jórmyndur Þorsteinsson, greiði hvor um sig 100 króna sekt til rikissjóðs.

Sektirnar greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Kærðir skulu og sviptir leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Kærðir greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, sem fallizt verður á, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að hvor hinna kærðu afpláni ídæmda sekt í einföldu fangelsi í 7 daga, ef sektin greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og að svipting ökuleyfa þeirra telzt frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessari niður-